

Hafnarfirði 23. maí 2026

Til Fjölmiðlanefndar

Efni: Ósk um endurupptöku máls nr. 2026-99 / 12.3 vegna auglýsingar RÚV fyrir Smárikið

Vísað er til niðurstöðu Fjölmiðlanefndar frá 19. maí 2026 vegna kvörtunar Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum um auglýsingu RÚV fyrir Smárikið.

Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum óska hér með eftir því að nefndin taki málið aftur til meðferðar. Samtökin telja hugsanlegt að kvörtunin hafi ekki verið sett fram með nægilega skýrum hætti hvað varðar kjarna málsins. Málið snýst ekki eingöngu um þrönga túlkun á hugtakinu „viðskiptaboð fyrir áfengi“ samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla, heldur um það hvort opinber fjölmiðill geti lögum samkvæmt og siðferðilega auglýst starfsemi sem dómstóll hefur komist að þeirri niðurstöðu að sé ólögleg.

Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram að forsvarsmaður Smárikisins hafi verið sakfelldur í Héraðsdómi Reykjaness fyrir brot gegn áfengislögum vegna smásölu áfengis utan einkaleyfis ÁTVR. Þótt dómnum hafi verið áfrýjað breytir það ekki þeirri staðreynd að fyrir liggur dómur þar sem starfsemin er talin brjóta gegn lögum.

Kjarni kvörtunarinnar er því sá að RÚV, sem fjölmiðill í almannaeigu og gegnir sérstöku samfélagslegu hlutverki, getur hvorki laga- né siðferðilega staðið á því að auglýsa starfsemi sem samkvæmt dómi hefur verið talin ólögleg. Það á sérstaklega við þegar um er að ræða starfsemi sem tengist sölu áfengis og fellur undir lagaramma sem ætlað er að verja almannahagsmuni og ekki síst börn og ungmenni.

Þá vekur það einnig sérstaka athygli að nefndin virðist í niðurstöðu sinni leggja megináherslu á að auglýsingin hafi ekki sýnt áfengi eða vörumerki áfengis. Með þeirri nálgun er hins vegar litið fram hjá því sem kvörtunin laut í reynd að, þ.e. að verið væri að auglýsa starfsemi sem dómur hefur talið ólögmæta. Það hlýtur að vera álitaefni, bæði siðferðis- og lagalega, hvort slíkt samræmist skyldum og ábyrgð RÚV sem opinbers fjölmiðils.

Með vísan til framangreinds óska Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum því eftir að Fjölmiðlanefnd taki málið aftur til efnislegrar skoðunar með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið rakin, sérstaklega hvað varðar samfélagslega ábyrgð RÚV og þau grundvallarsjónarmið sem liggja að baki lögum um bann við áfengisauglýsingum og opinberu hlutverki fjölmiðla í almannaeigu.

Virðingarfyllst,
Árni Guðmundsson



formaður Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum